

Jesse Byock. “Valdatafl og vinfengi.” *Skírnir: Tímarit hins Íslenska bókmenntafélags* 162(1988): 127-137.

Valdatafl og vinfengi

Ríki sitt
skyli ráðsnotra hverr
í hófi hafa.
Þá hann þat finnr
er með fræknum kömr
að engi er einna hvarastr.
(*Hávamál*, 64. v.)

ÍSLENSKT ÞJÓÐFÉLAG var í öndverðu samfélag mikillar einstaklingshyggju, þar sem ættarbönd, bræðralög og vinskapur lágu tit grundvallar þeim tengslum sem einstaklingurinn gat hagnýtt sér í samræmi við ríki sitt og skörungsskap.¹ Á Íslandi gátu menn einkum vænst fylgis frá nánustu ættingjum, — foreldrum, börnum, systkinum, móður- og föðurbræðrum og mágum. Til viðbótar voru bræðralög. Þau voru mynduð með því að menn blönduðu blóði og gerðust fóstbræður,² svarabræður eða eiðbræður. Í Íslendingasögum eru slík bræðralög, sem kváðu venjulega á um gagnkvæma hefndarskyldu, oft áreiðanlegri en ættarbönd.

Í þessari grein er fjallað um enn eina tegund tengsla, umsamda pólitíska velvild, sem kallaðist *vinfengi* og var bakhjallur mikilla valda á þjóðveldisöld. Orðin vinfengi og vinátta eru oft notuð á svipaðan hátt, enda þótt vinátta sé oftast notað um raunverulegt vinarþel milli manna en vinfengi. Bæði hugtökin eru oft notuð í sögunum um aðferðir til að treysta völd, en pólitísku mikilvægi þeirra hefur verið lítil gaumur gefinn. Samkvæmt hinni yfirgripsmiklu atriðaskrá úr öllum tuttugu og tveimur bindum *Kulturhistorisk lexikon for nordisk medeltid* kemur orðið vinfengi hvergi fyrir í neinni þeirra fjölmörgu greina sem fjalla um íslenskt þjóðfélag og sagnaritun.³ Kaflinn um „venskap“, vinátta, er dæmigerður fyrir þá um fjöllun sem þetta hugtak hefur fengið.⁴ Þar er aðallega fjallað um vinátta í siðfræðilegum skilningi, en orðið vinfengi hvergi nefnt.⁵

Vinfengi var sérlega mikilvægt á Íslandi að fornu, vegna þess að í landinu var ekki pólitískt eða félagslegt stigveldi, þar sem réttur einstaklingsins til liðsinnis væri formlega skilgreindur eða afmarkaður skyldur hans um stuðning við aðra. Í þessari grein fjalla ég um vinfengi eins og því er lýst í *Vápnfirðinga sögu*,⁶ en hún fjallar um valdabaráttu tveggja ungra höfðingja, Brodd-Helga og Geitis, og sýnir vel hvernig rönd er reist við ofríki og pólitískum metnaði settar skorður. Sagan hefst í Vopnafirði, of síðar koma við sögu menn um alla Austfirði of í Norðlendingafjórðungi. Þegar deilan ágerist, snertir hún pólitíska strenti á stóru svæði og æ fleiri bændur og höfðingjar koma við sögu, fyrir vinfengis sakir. Brodd-Helgi of Geitir reiða sig báðir á vinfengi, of að lokum liggur líf þeirra við, að þeir geti aflað sér nýs vinfengis of viðhaldið því sem fyrir er.

I

Meðal ástæðna fyrir því hversu mikilvægt vinfengi var á Íslandi var eðli ættartengsla of skortur á framkvæmdavaldi, sem einstaklingurinn gæti leitað til sér til fulltingis. Í íslenskum lögum var ekkert því til fyrirstöðu að tengdamenn hefðu nána samvinnu, of mág- ar unnu oft saman gegn ættinni í lagadeilum of vígafærlum. Þetta væri mjög óeðlilegt í samfélagi þar sem ættim væri sá grunnur sem lög of réttur byggðust á, eins of er í ættfeðrasamfélögum.

Lögin í Baugatali, sem varðveitt eru í *Grágás*,⁷ virðast mjög gömul, of bera greinilegan svip ættfeðraveldis. Í þeim er gengið út frá samfélagi eins og var í Noregi, sem byggt var upp umhverfis veldi ættflokka, of þau stangast á við upplýsingar í fornsögum um hvernig málum var háttað í íslensku samfélagi. Það er ekki að undra, að eldri hugmyndir um skipan félagslegra, pólitískra of persónulegra tengsla, svo sem brot úr Baugatali, skuli hafa borist til Íslands á landnámsöld. Þessar hugmyndir voru hafðar til viðmiðunar í hinu nýja samfélagi, of að vissu marki voru leifar af innfluttum hugtökum í gildi alla þjóðveldisöld of lengur. En sú nýja samfélagsskipan sem myndaðist á Íslandi gat ekki byggt á fornu norsku ættarveldi, því að einungis fáir af slíkum ættbálkum fluttust til Íslands. Að auki helguðu landnámsmenn sér land í eigin nafni, en ekki ættar sinnar.

Til að verja land sitt ágangi í upphafi Íslandsbyggðar, varð hver landnámsmaður að leita liðsinnis hjá þeim ættingjum, mágum eða óskyldum landeigendum, sem veitt gátu aðstoð og sáu sér hag í því. Við þessar aðstæður var stuðningur við eignarhald á landi, sem skipti sköpum á landnámsöld, fenginn með pólitískum samböndum, oft vinfengi, frekar en með atfylgi ættarinnar. Gagnkvæm aðstoð var almenn, of kerfi milligöngumanna myndaðist, þar sem einn (ekki endilega höfðingi) tók að sér að vera málsvari annars.⁸ Meðal Íslendinga var það hæfni til að afla sér bandamanna, fremur en réttarfar byggd á ættartengslum eða goðaveldi, sem réði úrslitum um hvernig vegnaði, ef að kreppti.

Til þess að vel gengi að standa við gagnkvæmar skuldvindingar, svo sem vinfengi, of að komast yfir auð of völd með milligöngu, þurfti að uppfylla þær kröfur sem gerðar voru um hóf. Sá sem þær kröfur stóðst, var kallaður hófsmaður, maður réttssýni of jafnaðar. Andstæða hófs var óhóf, skortur á sjálfsstjórn, sem merkti öfgar eða ójöfnuð. Vanefndir á vinfengisskuldbindingum voru einatt dæmi um óhóf. Óhóf skaut bæði vinum of óvinum skelk í bringu of kallaði á viðbrögð jafningja gegn því. Einum höfðingja tókst sjaldan lengi að þröngva kosti annars. Óhóf í framkomu var kallað ójöfnuður og merkti mismunun, rangsleitni eða ósanngirni gagnvart öðrum. Ójöfnuður samrædist ekki eðli stjórnarfarsins, sem byggðist á samráði, og hann kallaði fram keðjuverkandi varnarviðbrögð. Ef til dæmis ágirnd eða yfirgangur eins ógnaði valdajafnvæginu, bundust aðrir foringjar samtökum um mótaðgerðir gegn ójöfnuði hans. Aðför að ójafnaðarmanni leiddi ekki til umbrota í stjórnkerfinu, heldur til lítils háttar tilhliðrana í valdajafnvæginu í héraði, eins og greint er frá í sögunum. Höfðingjar reyndu að afla sér fjár, metorða of valda með milligöngu, án þess að leiðast út í ójöfnuð.

Auk þess að gæta hófs, varð höfðingi að kunna lög til að ná metorðum, einkum ef hann var í hlutverki milligöngumanns. Goðarnir voru ekki einir um að kunna skil á lögum; í sögunum sýna gildir bændur eins og Njáll Þorgeirsson of Helgi Droplaugarson frábæra lögvísi. Enda þótt þeir ættu ekki goðorð, stóðu þeir jafnfætis goðum of notu góðs af löggænsku sinni of milligöngu. Stundum höfðu slíkir bændur áhrif til jafns við goðana, enda þótt ekki sé

ljóst hvbye varanleg áhrif bænda voru. Bónði stóð höllum fæti án þeirra fríðinda sem goði hafði, sérstaklega hvað varðaði fulltingi lögskipaðra þingmanna. Saga Helga Droplaugarsonar í Droplaugarsona sögu varpar ljósi á þennan aðstöðumun. Árum saman etur hann kappi við einn goðann sem jafningi, og ágirnist goðorð hans, að því er virðist.⁹ Andstæðingur Helga sýnir aftur á móti fádæma hæfni til að taka áföllum, og að lokum þrýtur Helga bónda afl við hann.

Sem mikils megandi lögmenn héldu milligöngumenn uppi stöðugleika í þjóðfélaginu, þegar deilur ágerðust og hætta varð á alvarlegri röskun. Ein leið fyrir deiluaðila til að afla sér fulltingis annarra, bæði höfðingja og bænda, var að leita til mitligöngumanns, sem átti víða bandamenn. Samfélagið virti að öllu jöfnu sættir, sem gerðar voru fyrir milligöngu þriðja aðila. Vegna þess að krafist var samhljóða dóma eða mótatkvæðalausra, varð milliganga og sáttargerð almenn. Til að ná fram samstöðu, neyttu milligöngumenn og lögmenn oft vinfengis síns. Þessi vináttutengsl gátu forystumenn nýtt til samvinnu um stjórnun samfélagsins.

Vinfengi og vináttubönd, ásamt ættarböndum og þeim böndum, sem tengdu goða og þingmenn, gerðu einstaklingum kleift að krefjast gagnkvæmrar aðstoðar. Það var flókið mál í íslensku samfélagi að sjá hag sinum borgið, vegna þess hve margra kosta var völ í því að afla sér tímabundinna hagsmunasambanda. Vinfengi gat tekist milli manna, sem höfðu náð svipuðum pólitískum áhrifum, svo sem milli goda eða milli þingmanna, sem ekki tengdust sama goba. Vinfengi gat einnig orðið milli manna, sem ekki höfðu risið til svipaðra metorða. Þess háttar vinfengi var stundum haldið leyndu, einkum ef þeir höfðingjar og bændur, sem stofnuðu til þeirra, áttu ekkert sameiginlegt annað en þörf fyrir liðveislu, eins og var líka oft raunin. Ef vinfengi bar ekki árangur, til dæmis ef liðsinni var ekki veitt í deilu, mátti slíta því. Í Vápnfirðinga sögu er frá því greint, hvernig Digur Ketilsson bóndi sleit leynilegu vinfengi sínu við goða, þegar það hentaði honum ekki lengur. Að sumu leyti sarnsvaraði vinfengi, sem var ekki bundið í lög, tengslum goða og þingmanna, því að slíta mátti hvoru tveggja ef annar aðili vildi.

Höfðingjar, sem voru áhrifamiklir milligöngumenn og var ann

um orðstír sinn, settu oft skilyrði fyrir vinfengi sínu. Í Njáls sögu er því nákvæmlega lýst, hvernig Snorri goði, einn hyggnaði höfðingi, sem sagt er frá í fornsögum, á að hafa metið þá kosti, sem hann átti um að velja sem þriðji aðili, vel í sveit settur til að skerast í leikinn, þegar yfirvofandi var, að þingheimur berðist á Alþingi. Sækjendur málsins gegn banamönnum Njáls og sona hans koma til búðar Snorra í liðsbón. Eftir umræður, þar sem Snorri spáir því, að málið verði ekki dæmt, heldur komi til vopnaviðskipta, spyr einn sækjenda, Ásgrímur Elliða-Grímsson, Snorra:

„Þat vil ek vita, hvat þú vill veita oss, ef svá ferr sem þú segir.“ Snorri mælti: „Gera skal ek þér vináttubragð þat, er yður sæmð skal öll við liggja. En ekki mun ek til dóma ganga, en ef þér berizt á þingi, þá ráðið ér því at eins á þá, nema þér séð allir sem öruggastir, því at miklir kappar eru til móts. En ef þér verðið forviða, þá munuð þér láta slásk hingat til móts við oss, því at ek mun hafa fylkt liði minu hér fyrir ok vera við búinn at veita yðr. En ef hinn veg ferr, at þeir láti fyrir, þá er þar ætlan mín, at þeir muni ætla at renna til vígis í Almannagjá, en ef þeir komask þangat, þá fáit þér þá aldri sótta. Mun ek þat á hendr takask at fylkja þar fyrir liði minu ok verja þeim vigit, en ekki munu vér eptir ganga, hvárt sem þeir hörfa með ánni norðr eða suðr. Ok þá er þér hafíð vegit í lið þeira svá nökkvi mjök, at mér þykki þér mega halda upp fébótum, svá at þer haldið goðorðum yðrum ok heraðsvistum, mun ek þá til hlaupa með menn mína alla ok skilja yðr; skuluð þér þá gera þetta fyrir mín orð, ef ek geri þetta fyrir yður.“ (139. kafli).

Í þessu dæmi úr Njáls sögu tekur Snorri skýrt fram, hvað hann muni gera fyrir vináttu sakir og hvað ekki, áður en hann skuldbindur sig. Af frásögninni sést, hvernig jafn slunginn höfðingi og Snorri getur veitt vinum sínum takmarkað liðsinni til að ná fram hefndum að hluta, og síðan skorist í leikinn með mönnum sínum milli stríðandi fylkinga til að stöðva blóðsúthellingar og sætta menn. Augljóslega er her um sæmð að tesla.

II

Í Vápnfirðingasögu komast þeir Brodd-Helgi og Geitir, sem voru í byrjun miklir vinir, til valda og metorða aðallega með því að afla sér vinfengis. Brodd-Helgi sigrar í flestum skærum þeirra í sögunni, en tapar samt að lokum. Geitir er dæmigerður fyrir þá íslensku hetju, sem tekst ekki aðeins að koma ofstopafullum keppli-

naut sínum á kné, enda þótt hann virðist oft láta undan síga og misbjóða sér, heldur tekst líka að halda völdum sínum óskertum. Frásögnin greinir nákvæmlega frá pólitískum þreifingum andstæðinganna, og sýnir á hverju sagnaritarar og lesendur höfðu mestan áhuga. Hóf er lagt á metaskálarnar á móti ójöfnuði.

Þótt herskár sé, gætir Brodd-Helgi þess vel að halda sig innan ranima laganna. Vandlega undirbúnar atlögur hans og varnir Geitis sýna, að báðir skilja og virða leikreglurnar í þessu margslungna valdatafli. En Brodd-Helga kemur það í koll, að hann gætir ekki hófs. Einmitt þegar honum hefur nærri tekist að grafa undan áhrifum Geitis, hættir hann að hafa hemil á sér. Hann kemur fram af slíkum ofstopa og hroka, að höfðingjar og bændur í öðrum héruðum snúast á sveit með Geiti. Ósigur Brodd-Helga og dauði stafar að nokkru leyti af misnotkun hans á vinfengi við bændur og aðra höfðingja. Geitir fyrir sitt leyti sýnir pólitísk hyggindi og kemur sér upp víðtæku fylgi með vinfengi, sem síðan ver hann gegn alvarlegum eftirmálum, þegar hann að lokum drepur Helga.

Geitir og Brodd-Helgi eru báðir dugandi foringjar, en aðferðir þeirra eru gjörólíkar. Brodd-Helgi er vígfimur vel og óragur að leggja sig í hættu. Snemma í sögunni er honum lýst svo: „.. mikill maðr ok sterkr ok bráðgerr, vænn ok stórmannligr, ekki málugr í barnæsku, ódæll ok óvægr þegar á unga aldri. Hann var hugkvæmr ok margbreytinn" (1. kafli). Aftur á móti er Geitir enginn bardagamaður, og með aldrinum verður hann „spekingr mikill" (3. kafli). Þegar deilan magnast, viðurkennir Brodd-Helgi mannamun þeirra og segir um andstæðing sinn: „... ok er ávallt, at Geitir er vitrastr vár, þótt hann verði jafnan ofríki borinn" (8. kafli).

Sýndar eru tvær mismunandi gerðir höfðingja og tvenns konar atferli. Brodd-Helgi ræðst beint framan að óvini sínum og er skæður andstæðingur. Geitir víkur sér undan að taka á móti, þar til honum sýnist sem bændur í héraði jafnt sem nálægir goðar séu orðnir sammála um að nauðsyn krefji, að andstæðingur hans verði kveðinn niður. Geitir, hinn varkári goði, sem seinþreyttur er til vandræða, sýnir hyggindi sin með því að láta ekki til skarar skríða fyrr en í fyllingu tímans. Höfðingi eins og Geitir getur snúið valdníðslu annars höfðingja sér í hag, en hann verður að fara með gát. Hinn varkári goði verður að sýna stillingu langtímum saman, uns keppli-

natur hans ofmetnast og leikur af sér. Hann hagnýtir sér ugg bænda, sem óttast um líf sitt og lendur fyrir hinum herskáa andstæðingi hans. Enda þórr fækki í liði Geitis, þegar á líður deiluna, eignast Geitir fámennan kjarna traustra stuðningsmanna. Þeir vita, að mikil völd eins höfðingja muni tefla í tvísýnu stöðu bænda, sé mótvægis ekki gætt.

Þegar við grípum niður í söguna, hefur þegar verið greint frá vaxandi deilu goðanna tveggja, sem hófst með dauða kaupmanns frá Noregi og magnaðist síðan við landamerkjadeilu tveggja bænda. Við hvert stig hefur deilan færst nær því að raska viðkvæmu sambandi goða og bænda og hefur breiðst út um samfélagið, þannig að bændur í héraði jafnt sem goðar í öðrum héruðum verða að taka afstöðu.

Sagan gefur í skyn, að það sé ekki fyrst og fremst ágirndin, sem spilli fyrir Brodd-Helga, heldur þær aðferðir sem hann beitir til að svala henni. Þegar á líður söguna, fer hann að verða að vettugi þær reglur um gagnkvæmni, sem samskipti höfðingja lúta. Í ofmetnaði sínum skeytir hann ekki um þá hættu, sem ögrandi framkoma býður heim, svíkur vini sína og eignast nýja óvini. Eitt sinn á Alþingi neitar hann að standa við sinn hluta samkomulags við „vin“ sinn Guðmund ríka:

Eitthvert sumar varð Helga aflafátt á þingi, ok bað hann Guðmund liðs. En hann kvazk eigi nenna at veita honum lið á hverju þingi ok óvinsæla sig við aðra höfðingja, en taka af honum engi gæði í móti. Þeir skildu svá með þetta mál, at Guðmundr hét honum liði, en Helgi skyldi gefa honum hálftr hundrað silfrs.¹⁰ Er dómum var lokit— ok höfðu Helga málin vel gengit –, þá mættusk þeir Guðmundr við búðir, ok heimti Guðmundr féit at Helga. En Helgi kvazk ekki eiga að gjalda honum ok kvazk eigi sjá, at hann þyrfti fé at gefa í milli vinfengis þeira. Guðmundr svarar: „Þat er þér illa farit,“ segir hann, „þarft annarra ávallt, en gelldr eigi þat, er þú ert heitbundinn. En vinfengi þitt þykki mér lítils vert. Mun ek eigi optar heimta þetta fé, enda vera þer aldri at liði síðan.“ Ok skildu við svá búit, ok er nú lokit vinfengi þeira. Geitir spyr þetta ok ferr til fundar við Guðmund ok býðr honum at taka fé til vinfengis. Guðmundr lézt eigi vilja hafa fé hans ok kvað sér lítit um at veita þeim mönnum lið, er ávallt vildu inn lægra hlut or hverju máli bera. (10. kafli)

Þótt friðsamari sé en Brodd-Helgi, er Geitir ekki frábitinn undirferli til að efla að sinn og vapid. Hann iðrast þess engan veg-

inn að hafa átt þátt í dauða kaupmannsins frá Noregi, og reyndar var augljóst að hann girntist varning hans. En sem höfðingi forðast Geitir að neyta aflsmunar. Andstætt Brodd-Helga er hann ófús að hætta lífi sínu hvað eftir annað í vígaferlum, hversu lögmæt sem þau kunna að vera. Styrkur Geitis er fólgin í hæfni hans til að hagnýta sér lögvarnir stjórnkerfisins. Keppinautarnir ganga hvor á sinn hátt eins langt og auðið er, án þess að brjóta þær leikreglur sem samfélagið setur. Átök þeirra leiða í ljós veikleika og hættur í stöðu beggja.

Með ófyrirleitni sinni í deilunni við Geiti neyðir Brodd-Helgi bændur í héraði til að skia sér í andstæðar fylkingar. Margir þingmenn Geitis eru annaðhvort gínttir eða neyddir til að snúa baki við honum og ganga í lið með Brodd-Helga. Stöguft þrengir að þeim þingmönnum Geitis sem eftir eru. Þeir afráða að verja hendur sínar með því að eggja varkáran leiðtoga sinn til að taka af skarið. Enda þótt stuðningur þingmanna mundi ekki duga einn til að verja Geiti fyrir yfirgangi Brodd-Helga, gerir missir mannaforráða ásamt vinafæð á þeim tíma honum erfitt um vik að halda metorðum sínum sem mikils vireur goði í héraði. Einn þingmanna Geitis, Þórarinn Egilsson, fréttir við heimkomu frá útlöndum, að Geitir hefur flutt frá Krossavík og býr þar sem heitir í Fagradal, lengra frá bústað Brodd-Helga. Margir þingmenn hafa sagt skilið via Geiti, og héraðið er næstum alveg á valdi Brodd-Helga. Eina vonin er að eggja Geiti til dáða. Þórarinn Egilsson setur Geiti úrslitakosti sem formælandi þingmanna hans:

Þeir bera ráð saman, þingmenn Geitis, ok þóttusk eigi kola mega lengr ójafnað Brodd-Helga, fóru nú til fundar við Geiti, ok mæti Þórarinn fyrir þingmenn: „Hversu lengi skal svá fram fara“, segir hann, „hvárt þar til er yfir lýkr með öllu? Nú gengr margt manna undan þér, ok lagask allir til Helga, ok virðum vér þér þrekleysi eitt til ganga, er þú hlífisk via Helga. Þú ert ykkar snarari, en þó hefir þú eigi með þer minni garpa en hann hefir með sér. Ok eru nú tveir kostir af várri hendi, at þú farir heim í Krossavík á bú þitt, ok flyt þaðan aldri síðan, en ger í mót Helga, ef hann gerir þér nökkum ósóma heðan í frá, elligar munum vér selja bústaði vára ok ráðask í brottu, sumir af landi, en sumir ór heraði.“ (11. kafli).

Þeir fáu bændur sem halda tryggð við Geiti gera sér ljósan vanmátt sinn fyrir lögum, og neyða varkáran leiðtoga sinn til að axla

ábyrgð á aðför að ójafnaðarmanninum Brodd-Helga. Geitir verður að sæta lagi og fara að keppinaut sínum og drepa hann, en jafnframt forðast alvarleg eftirmál fyrir dómi. Aðförin verður augljóslega að koma Brodd-Helga í opna skjöldu, ef hún á að takast.

Geitir sýnir kænsku sína í deilunni með því hvernig hann forðast eftirmál eftir víg annars höfðingja. Hann bíður átekta, og að lokum eru jafningjar hans sannfærðir um, að vígið hafi verið besti kostur þeirra og héraðsins. Sagan lýsir ferð Geitis um Norðausturland áður en hann flyst aftur að Krossavík. Í ferðinni kannar Geitir hug manna um hvort nægur stuðningur se meðal annarra goða við aðför að Brodd-Helga. Einn árangur af nýjum sóknarhug Geitis er, að Guðmundur ríki á Möðruvöllum er nú fús að veita honum það ómissandi þegjandi samþykki, sem gera mun að engu málatalilbúnað á hendur Geiti fyrir víg, sem ella hefði haft alvarlegar afleiðingar. Annað atriði Geiti í hag er ójöfnuður Brodd-Helga:

Geitir gerir heiman för sína ok ferr norðr í Ljósavatnsskarð¹¹ til Ófeigs Járngerðarsonar. Guðmundr inn ríki hitti Geiti, ok sátu kir á tali allan dag. Skiljask þeir síðan, ok gistir Geitir at Mývatni at Ölvis ins spaka, ok spurði hann at Brodd-Helga vandliga. Geitir kt vel yfir honum ok kvað harm vera stórmenni mikit, óvæginn og ódælan, ok þó góðan dreng at mörgu lagi. „Er hann eigi ójafnaðarmaðr mikill?“ segir Ölvir. Geitir svarar: „Pat er helzt á mér orbit um ójafnaðinn Helga, at hann unni mér eigi at hafa himininn jafnan yfir höfði mér sem hann befit sjálfr.“ Ölvir svarar; „Skal honum þá allt þola?“ „Svá befit enn verit hér til,“ segir Geitir. Nú hættu þeir þessu tali. Ferr Geitir heim, ok er nú allt kyrrt um vetrinn. (12. kafli).

Ójöfnuður Helga hefur sameinað hina höfðingjana gegn honum. Vegna þess hve vinfengi Helga er ótryggt og þess hve nauðsynlegt það var í þjóðfélaginu að vináttusamningar væru virtir, fellur stuðningur annarra höfðingja Geiti í skaut, nærri því sjálfkrafa. Sagan fer fljótt yfir endalok deilunnar. Enda þótt handritið sé skaddað á þeim stab, eru útlínur atburða skýrar. Þegar Brodd-Helgi ríður fáliðaður til þings, situr Geitir fyrir honum ásamt tryggum þingmönnum sínum. Í eftirmálum á Alþingi nær Geitir með stuðningi Guðmundar ríka hagstæðum sáttum við Bjarna, son Helga.¹² Samkvæmt sáttinni heldur Geitir goðorði sínu. Hann greiðir Bjarna sæmilegar bætur og fáeinir fylgismanna

hans eru gerðir útlægir um tíma. Fall Brodd-Helga er ekki dýru verði keypt. Geitir gerist á ný mikils virtur goði í héraðinu.¹³

Niðurlag

Vápnfirðinga saga varpar ljósi á það, hvernig völd voru fólgin í neti ættarbanda, tengslum goða og þingmanna, milligöngu og vinfengis. Innan þessa ramma urðu íslenskir bændur sjálfir að finna sínar eigin lausnir, ef ójasnaðarmaður þröngvaði kosti þeirra. Samanteknin ráð, einkum vinfengi, auðvelduðu bændum að halda hlut sínum bæði í minni háttar vanda og eins þegar um almennari hagsmuni var að tefla. Vinfengi sem fullgilt félagslegt form hentaði einnig goðunum, sem voru leiðtogar löggiltra hagsmunahópa. Enda þótt hlutverk vinfengis á fyrstu öldum íslensks samfélags teljist tæplega lýðræðislegt í nútímaskilningi, veitti það mörgum í samfélaginu færi á að ráða nokkru um örlög sín, og var hemill á ofbeldi í þjóðfélagi sem var nánast án framkvæmdavalds.

Athugasemdir

1. Ég þakka ritstjóra *Skirnis* fyrir að bjóða mér að birta þessa grein. Mörg þau atriði, sem hér er dregið á, fá nánari umfjöllun í nýrri bók minni, *Medieval Iceland: Society, Sagas and Power* (Los Angeles and Berkeley: University of California Press, 1988).
2. *Fóstbróðir á einnig við um menn sem ólust upp saman.*
3. *Kulturhistoriskt lexikon för nordisk medeltid* (Malmö: Allhems förlag, 1956-1978). Í þýðingum á Íslendingasögum er einatt litið fram hjá eðli vinfengis sem pólitískt bindandi samninga. Íslensku orðunum er nær alltaf sleppt, og mena í sögunum verða vinsamlegir hver í annars garð, eða einfaldlega vinir. Dæmi um vinfengi og vináttu í Íslendingasögum sjá „Index“ í Jesse L. Byock, *Feud in the Icelandic Saga* (Los Angeles and Berkeley: University of California Press, 1982), bls. 290.
4. Ólav Bö, „Venskap“, *Kulturhistoriskt lexikon*, 19. bindi, d. 647-648.
5. Í kaflanum um *Lösöre*, sem fjallar nærri eingöngu um austnorræn lög, bendir Bo Ruthström á, að í gömlu sænsku lagamáli merki *vin í vin ok vitne* maktare, milligöngumaður. *Kulturhistoriskt lexikon*, 11. bindi d. 157.
6. *Vápnfirðinga saga*, útg. Jón Jóhannesson, í *Austfirðingasögur, Íslenzk fornrit* 11 (Reykjavík: Híð íslenska fornritafélag, 1950), bls. 21-65. Vinfengi og vináttu tengjast oft formlegum skiptum á gjöfum og

veisluhöldum. Í þeim hluta Vápnfirðinga sögu, sem hér um ræðir, eru ekki dæmi um slík skipti. Dæmi um gjafir til vinfengis sjá *Vápnfirðinga sögu*, 11, kafla, þar sem Brodd-Helgi bauð Þórarni Egilssyni, þingmanni Geitis, fimm stóðhross og vist hjá sér. Sjá einnig *Brennu Njáls sögu*, útg. Einar Ólafur Sveinsson. *Íslensk fornrit* 12 (Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1954), þar sem vináttu fjölskyldu Njáls við Höskuld Hvítanessgoða er lýst svo: „Svá var ákaft um vináttu þeira, at hvárir buðu öðrum heim hvert haust ok gáfu stórgjafar." (97. kafli).

7. *Grágás; Islændernes Lovbog i Fristatens Tid, udgivet efter det Kongelige Biblioteks Haandskrift* (Kaupmannahöfn: Brödrene Berlings Bogtrykkeri, 1852), bl. 193-207, kaflar 113-115.
8. Um milligöngu sjá, Jesse L. Byock, „Milliganga : Félagslegar rætur Íslendingasagna," *Tímarit Máls og Menningar* 47 (1986), bls. 96-194; sami, *Feud*, bls. 37-38, 74-92; sjá einnig „Dispute Resolution in the Sagas," *Gripla* 6 (1984), bls. 86-100.
9. Í *Feud* eftir Byock, bls. 38-46, er hluti af þessari deilu úr *Droplaugarsona sögu* skoðaður sérstaklega með tilliti til milligöngu og uppbyggingar frásagnarinnar.
10. „hálf hundrað silfrs." Hundrað var í raun 120, svo að Brodd-Helgi býður 60 aura silfrs.
11. Sagan segir Skarð, en Ófeigur bjó að Skörðum í Reykjahverfi.
12. Bjarni var sonur Brodd-Helga og Höllu, systur Geitis.
13. Stjúpmóðir Bjarna ginnir hann að lokum til að drepa Geiti, sem hann iðrast þegar. Þorkell sonur Geitis situr síðan um hann, en þeir frændur sættast með sæmd um síðir.

Gunnar Eypórsson þýddi